



FRÉTTABRÉF

hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ársreikningar2012

1. Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður úr ársreikningum A hluta sveitarfélaga fyrir árið 2012 samanborið við niðurstöður ársins 2011 eru sem hér segir:

- Almennt má segja að afkoma sveitarfélaga hefur batnað í heildina tekið og fjárhagslegur styrkur þeirra hefur stöðugt farið vaxandi á undanförunum árum.
- Heildartekjur sveitarfélaga hafa vaxið um 6,8% að nafnvirði frá fyrra ári. Það á sér stað meðal annars vegna launahækkana vegna kjarasamninga og aukinna umsvifa í samfélaginu.
- Heildarframlegð hefur vaxið um 5,8 ma.kr. eða 4,4% milli ára. Hún er nú 18,8 ma.kr á móti 13,0 ma.kr. árið 2011.
- Hlutfall framlegðar af heildartekjum hefur vaxið úr 6,8% í 9,2% á milli ára. Hlutfallið er reyndar nokkuð mismunandi milli einstakra flokka.
- Fjármagnskostnaður hefur lækkað. Að hluta til er það vegna styrkingar krónunnar og lægri vaxta.
- Þegar tekið er tillit til reiknaðra liða er rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði jákvæð um 0,6% af heildartekjum miðað við

að hún var neikvæð um 3,1% árið 2011.

- Veltufé frá rekstri er 19,7 ma.kr. og hefur vaxið um 2,1 ma.kr. á milli ára.
- Fjárfestingar námu 14,3 ma.kr. á árinu 2012. Þær eru ívið minni en árið þar áður. Um helmingur fjárfestinga sveitarfélaga er hjá Reykjavíkurborg.

2. Inngangur

Bráðabirgðaniðurstöður úr uppgjöri ársreikninga A hluta sveitarfélaga fyrir árið 2012 eru nú tiltækar. Niðurstöður ársreikninga fyrir árið 2012 liggja fyrir frá 59 sveitarfélögum af 74. Í þeim sveitarfélögum sem hafa sent frá sér niðurstöður fyrir árið 2012 búa 97,6% íbúanna. Þannig gefa niðurstöðurnar mjög marktækt yfirlit um afkomu sveitarfélaganna á síðasta ári.

Lögð er áhersla á að birta niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaganna eins fljótt og hægt er, þannig að upplýsingar um afkomu sveitarfélaganna á liðnu ári séu tiltækar þeim sem málið varðar. Það skiptir sveitarfélögin máli að fá þessar niðurstöður sem fyrst, bæði fyrir sitt innra starf svo og fyrir fjárhagsleg

samskipti ríkis og sveitarfélaga. Enda þótt enn vanti niðurstöður frá nokkrum minni sveitarfélögum þá munu þær ekki hafa nein áhrif sem skipta máli á heildarniðurstöðuna.

Sveitarfélögunum er skipt upp í fjóra flokka til að fá gleggri heildarmynd af stöðu þeirra. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur
- Vaxtarsvæði (sveitarfélög frá og með Árborg til og með Borgarbyggð (að höfuðborgarsvæðinu undanskildu), Akureyrarkaupstaður, Fljótshálsa og Fjarðabyggð)
- Önnur sveitarfélög

Þar sem niðurstöður liggja ekki fyrir frá öllum sveitarfélögum innan hvers flokks, þá er niðurstaðan blásin upp hlutfallslega fyrir hvern flokk fyrir sig. Síðan eru niðurstöður hvers flokks lagðar saman og fæst þá út heildarniðurstaða. Þannig eru möguleg frávik lágmörkuð þegar niðurstöðurnar eru uppfærðar fyrir heildina.

Hér á eftir eru birtar niðurstöður úr A-hluta ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2012. A-hluti sveitarsjóðs er að stærstum hluta fjármagnaður með innheimtum skatttekjum og skilur hann sig þannig frá B-hluta, sem er að mestu eða öllu leyti fjármagnaður með þjónustugjöldum. Undir A-hluta falla verkefni eins og fræðslumál, félagsþjónusta, umhverfismál, æskulýðs- og íþróttamál og skipulagsmál. Staða og afkoma A-hlutans ræður mestu um heildarafkomu sveitarfélagsins því hann er nokkurs konar bakhjarl gagnvart B-hlutafyrirtækjum ef þau þurfa á aðstoð að halda. Á hinn bóginn er takmörkunum háð hvað hægt er að flytja af fjármagni frá B-fyrirtækjum til A-hlutans með arðgreiðslum ef þau eru rekin með góðri afkomu.

Skil ársreikninga eru allgóð þó nokkuð vanti á full skil innan tilskilinna tímamarka. Ársreikninga vantar enn frá 16 sveitarfélögum þegar þessi samantekt er unnin. Þau eru öll frekar fámenn þannig að hlutfallslegt vægi þeirra í heildarniðurstöðunni er mun minna en fjöldinn gefur til kynna.

	Reykjavíkurborg	Hlutf. af heild	Höfuðsv. án Rvk	Hlutf. af heild	Vaxtarsvæði	Hlutf. af heild	Önnur svf.	Hlutf. af heild	Samtals 2012
Íbúafjöldi	119.764	37,2%	85.911	26,7%	71.275	22,1%	44.907	14,0%	321.857
Íbúafjöldi í svf. sem hafa skilað	119.764		85.911		70.853		37.651		314.179
Fjöldi sveitarfélaga	1		7		16		51		75
Fjöldi sveitarf. sem hefur skilað	1		7		15		36		59
Útsvarsprósenta (vegið meðaltal)	14,40%		14,34%		14,47%		14,47%		14,44%
Hlutfall af íbúafjölda		100,0%		100,0%		99,4%		83,8%	97,6%

Tafla 1. Skil ársreikninga

3. Niðurstöður úr rekstri A-hluta sveitarfélaga

Í töflu 2 kemur fram yfirlit um niðurstöður úr rekstrarreikningi A-hluta sveitarfélaga fyrir árið 2012. Þar eru bæði settar fram niðurstöður fyrir einstaka flokka og síðan fyrir heildina. Til samanburðar eru einnig gefnar upp sambærilegar niðurstöður úr rekstri A-hluta frá árinu 2011.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að sveitarfélögin tóku við framkvæmd á málefnum fatlaðs fólks í ársbyrjun 2011. Samtals var rekstrarumfang málaflokksins um 10,7 ma.kr. Fyrirkomulag verkefnisins er á hinn bóginn nokkuð mismunandi milli landshluta. Stærstu sveitarfélögin annast verkefnið upp á eigin spýtur og taka einnig að sér framkvæmd þess fyrir minni nágrennasveitarfélög. Minni sveitarfélög framkvæma verkefnið í samstarfi í byggðasamlögum eða þjónustusvæðum. Þar sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir

framlög sjóðsins milliliðalaust til slíkra aðila, sem annast framkvæmd verkefnisins, koma þeir fjármunir ekki inn í ársreikninga viðkomandi sveitarfélaga. Þær fjárhæðir eru þannig ekki hluti af þeim upplýsingum sem hér er unnið með þar sem ársreikningar byggðasamlaga eða þjónustusvæða hafa ekki borist enn og eru ekki hluti af ársreikningum sveitarfélaganna. Því gefa þær niðurstöður sem hér eru birtar ekki raunverulega heildarmynd af heildarrekstrarumfangi á rekstri sveitarfélagastigsins á árinu 2012 þar sem hluta af rekstri á málefnum fatlaðs fólks vantar inn í uppgjörið.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 5,19% milli áranna 2011 og 2012 þegar miðað er við meðaltal hvors árs fyrir sig. Það gefur nokkuð góða hugmynd um hver almenn verðþróun hefur orðið að jafnaði á tímabilinu.

A hluti	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2012	Samtals 2011
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs	56.901	39.677	31.016	19.345	146.938	138.369
Framlag jöfnunarsjóðs	5.119	3.950	8.670	7.478	25.217	24.092
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	11.058	7.422	8.168	6.609	33.257	29.940
Tekjur	73.078	51.048	47.855	33.431	205.413	192.401
Laun og launatengd gjöld	40.308	26.424	25.773	17.395	109.901	105.742
Annar rekstrarkostnaður	29.247	17.271	17.082	13.094	76.694	73.624
Samtals breytilegur kostnaður	69.556	43.695	42.855	30.489	186.594	179.366
Framlegð (tekjur - breytil. kostn.)	3.523	7.353	5.000	2.943	18.818	13.035
Afskriftir	3.357	2.496	2.539	1.200	9.591	9.387
Samtals gjöld	72.913	46.191	45.394	31.688	196.185	188.753
Niðurstaða án fjármunal. og óreglulegra l.	165	4.857	2.461	1.743	9.227	3.648
Framlegð % af tekjum	4,8%	14,4%	10,4%	8,8%	9,2%	6,8%

Tafla 2. Rekstrarreikningur fyrir árið 2013 (m.kr.)

Heildartekjur sveitarfélaganna (A-hluta) á árinu 2012 voru 205,4 ma.kr. á sama tíma og þær voru 192,4 ma.kr á árinu 2011. Það er hækkun um 13,0 ma.kr. Þá er ekki tekið tillit til verðryrnunar krónunnar vegna verðbólguáhrifa. Tekjur sveitarfélaga af sérstakri útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar námu tæplega 2,1 ma.kr. á árinu 2012. Það er lækkun um tæpan 1,0 ma.kr. frá fyrra ári. Hafa ber þá fjárhæð í huga þegar afkoma sveitarfélaganna er metin því tekjur þeirra af sérstakri útgreiðsla séreignasparnaðar er einungis tímabundin meðan sú aðgerð stendur yfir.

Skatttekjur hækkuðu um 8,6 ma.kr. frá árinu 2011, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækkuðu um 1,1 ma.kr. en þjónustutekjur hækkuðu um 3,3 ma.kr. Rekstrarkostnaður A-hluta sveitarsjóða nam samtals 186,6 ma.kr. á árinu 2012. Það er 7,2 ma.kr. hærri fjárhæð en á árinu 2011. Heildarlaunagreiðslur voru 109,9 ma.kr. á árinu 2012 og hafa hækkað úr 105,7 ma.kr. frá árinu 2011. Annar kostnaður hækkar hins vegar einungis um 3,0 ma.kr. eða úr 73,6 ma.kr. í 76,7 ma.kr. Þar munar miklu um áhrif fjölmargra hagræðingaraðgerða sem

sveitarfélögin hafa framkvæmt á undanförunum misserum.

Nokkuð mismunandi er hvort sveitarfélögin sérgreina reiknaðar breytingar á lífeyrisskuldbindingum í ársreikningi eða hvort sá liður er felldur inn í liðinn „Laun og launatengd gjöld“. Því getur verið um nokkuð misræmi á milli einstakra sveitarfélaga að ræða þegar ársreikningar eru skoðaðir. Hér eru allar breytingar á lífeyrisskuldbindingum reiknaðar með launum og launatengdum gjöldum og hafa þannig áhrif á útreikning framlegðar.

Framlegð af rekstri sveitarsjóða á landinu öllu voru 18,8 ma.kr. á árinu 2012 á móti 13,0 ma.kr. á árinu 2011. Hún hefur því hækkað um rétt 50% milli ára. Rekstrarleg afkoma sveitarfélaganna er því mun betri í heildina tekið á árinu 2012 en á fyrra ári. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum er 9,2% á árinu 2012 samanborið við 6,8% á árinu 2011. Lægst er framlegðin sem hlutfall af tekjum hjá Reykjavíkurborg eða 4,8% en hæst er hún hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 14,4%.



Frá Patreksfirði.

A hluti	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2012	Samtals 2011
Niðurstaða án fjármunal. og óreglulegra l.	165	4.857	2.461	1.743	9.227	2.665
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	-209	-5.374	-1.953	-504	-8.041	-11.088
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	-44	-517	508	1.239	1.186	-8.423
Óreglulegir liðir	0	28	372	1.171	1.571	1.329
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	-44	-489	880	2.410	2.757	-7.094
Rekstrarniðurst. fyrir. ó.l. sem % af tekjum	-0,1%	-1,0%	1,1%	3,7%	0,6%	-4,4%

Tafla 3. Fjármagnsliðir og rekstrarniðurstaða (m.kr.)

Niðurstaða úr fjármagnsliðum og rekstrarniðurstaða fyrir og eftir óreglulega liði fyrir árið 2012 kemur fram í töflu 3. Nokkur bati hefur átt sér stað á niðurstöðu fjármagnsliða á árinu 2012 miðað við árið 2011. Ástæða þess er fyrst og fremst hagstæð þróun á gengi krónunnar á árinu 2012 svo og þróun vaxta á árinu. Útkoma fjármagnsliða er einna slökust hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ og á „Vaxtarsvæðum“. Þar eru skuldir hvað mestar svo þessi niðurstaða kemur því ekki á óvart.

Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði segir til um afkomu sveitarfélaganna af hefðbundnum tekjustofnum og þeim gjöldum sem tengjast

hefðbundnum rekstri þeirra. Á árinu 2012 er rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði jákvæð um 1,2 ma.kr. samanborið við -8,4 ma.kr. á árinu 2011. Niðurstaðan er því mun betri en á árinu 2012 í heildina tekið og koma þar fyrst og fremst til jákvæð áhrif gengisþróunar og annarra fjármagnsliða. Einnig hefur það áhrif að ýmis sveitarfélög hafa m.a. verið að skuldbreyta lánunum yfir í hagstæðari kjör þar sem það hefur verið mögulegt. Óreglulegir liðir eru áþekkir á árinu 2012 og á árinu 2011. Það eru tekjur eða gjöld sem falla utan við hefðbundinn rekstur sveitarfélaga og eiga sér stað einu sinni eða mjög sjaldan. Þar má til dæmis nefna sölu eigna eða eignarhluta í fyrirtækjum, kostnað vegna náttúruhamfara og annað álíka. Öll samanburðarfræði milli einstakra sveitarfélaga og milli ára verður erfiðari og ómarkvissari ef slíkir liðir lenda óskilgreindir inni í rekstraruppgjöri sveitarfélaganna. Sérstaklega á það þó við í

A hluti	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2012	Samtals 2011
Fastafjármunir	121.612	113.418	107.295	49.062	391.388	383.092
Veltufjármunir	21.353	10.058	14.098	10.949	56.458	64.804
Eignir	142.965	123.476	121.393	60.012	447.845	447.896
Eigið fé	82.151	36.411	37.879	27.189	183.630	187.312
Langtímaskuldir	36.189	51.250	58.578	17.084	163.101	170.323
Skammtímaskuldir	11.594	19.901	13.165	7.243	51.902	46.191
Heildarskuldir án skuldbindinga	47.783	71.151	71.742	24.327	215.003	216.514
Skuldbindingar	13.031	15.914	11.771	8.496	49.213	44.070
Heildarskuldir og skuldbindingar	60.814	87.066	83.514	32.822	264.216	260.584
Skuldir og eigið fé	142.965	99.845	89.037	54.486	447.845	447.896
Veltufjárhlutfall (veltufjárm./skammtímask)	1,8	0,5	1,1	1,5	1,1	1,4

Tafla 4. Efnahagsreikningur (m.kr.)

þeim tilfellum þegar um stórar fjárhæðir er að ræða.

Í töflu 4 kemur fram niðurstaða úr efnahagsreikningi sveitarfélaga á árinu 2012. Breytingar á honum eru frekar litlar milli ára. Heildareignastaða hefur breyst mjög lítið. Skuldbindingar hafa vaxið um 5,1 ma.kr, langtímaskuldir hafa lækkað um 5,4 ma.kr. en skammtímaskuldir aukist um 5,6 ma.kr. Eigið fé hefur aðeins lækkað milli ára. Eiginfjárlutfall segir reyndar ekki mikla sögu í þessu samhengi því verðmæti fastafjármuna (skólahúsnæðis, íþróttamannvirkja og annarra mannvirkja sveitarfélagsins) er yfirleitt miðað við stofnfjárvirði. Verðmat á mannvirkjum sveitarfélaga er háð allt öðrum lögmálum en verðmat á mannvirkjum sem ganga kaupum og sölum á almennum markaði.

Veltufjárlutfallið (hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda) er á hinn bóginn kennitala sem vert er að gefa gaum. Það hefur lækkað í heildina tekið milli ára og er nú 1,1 á móti

1,4 á árinu 2011. Það hefur heldur lækkað hjá „Reykjavíkurborg“ og „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“. Almennt er miðað við að veltufjárlutfall eigi ekki að vera lægra en 1,0 til að lausafjárstaðan sé í ásættanlegu ástandi. Því meir sem hlutfallið fer undir 1,0 (skammtímaskuldir hærri en lausafé), því meiri líkur eru á því að sveitarfélagið eigi í erfiðleikum til skemmri tíma lítið við að standa við skuldbindingar sínar á réttum tíma með tilheyrandi aukningu á vaxtakostnaði. Hæst er veltufjárlutfallið hjá „Reykjavíkurborg“ eða 1,8 en lægst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 0,5 sem er lakari staða en á fyrra ári.

Hafa ber í huga að víða eru kröfur A-hluta sveitarsjóðs á B-hluta fyrirtæki færðar sem eignir (viðskiptakröfur) í ársreikningi. Í fæstum tilvikum er um að ræða kröfur sem verða gerðar upp. Hér er oftast um að ræða rekstrarhalla hjá hafnarsjóðum og/eða félagslegum íbúðum. Sveitarsjóðir hafa lagt fram fjármuni til að mæta rekstrarhalla viðkomandi B-hluta fyrirtækja en fá þá í fæstum tilvikum greidda til baka. Engu að síður eru þessir fjármunir skráðir

A hluti	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2012	Samtals 2011
Veltufé frá rekstri	7.153	6.095	4.417	2.052	19.716	17.657
Handbært fé frá rekstri	7.793	6.339	4.195	2.116	20.444	16.430
Veltufé frá rekstri % af tekjum	9,8%	11,9%	9,2%	6,1%	9,6%	9,2%
Veltufé frá rekstri % af langtímaskuldum	19,8%	11,9%	7,5%	12,0%	12,1%	10,4%
Fjárfestingarhreyfingar	7.959	3.758	987	1.583	14.288	15.428
Fjármögnunarhreyfingar	-616	-1.820	-4.744	-1.122	-8.303	-8.029
Hækkun/lækkun á handbæru fé	-1.422	516	-1.315	-654	-2.874	-7.027

Tafla 5. Sjóðstreymi (m.kr.)

sem eign hjá A-hluta en eyðist vitaskuld út í samstæðureikningi sveitarsjóðs. Sökum þessa er veltufjárlutfall hjá A-hluta sveitarfélaga ofmetið í allmörgum tilvikum.

Niðurstöður umsjóðstreymi A-hluta sveitarsjóða á árinu 2012 koma fram í töflu 5. Veltufé frá rekstri hækkar milli ára um tæpa 2,0 ma.kr. og er það framhald á þróun fyrri ára. Sú þróun hefur í för með sér að rekstur sveitarfélaganna skilar að jafnaði meiri fjármunum til að standa undir afborgunum af lánum og nýfjárfestingum. Staða veltufjár frá rekstri er einnig jafnari milli einstakra flokka en á árinu þar á undan. Hlutfall veltufjár frá rekstri af heildartekjum er hæst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 11,9% sem er eilítil aukning frá fyrra ári. Lægst er hlutfallið hjá „Öðrum sveitarfélögum“ eða 6,1% sem er góð aukning að jafnaði frá fyrra ári.

Þegar veltufé frá rekstri er reiknað sem hlutfall af langtímaskuldum þá kemur í ljós hve mörg ár tekur að greiða upp öll langtímalán ef veltufé frá rekstri breytist ekki á næstu árum og það fer allt til að greiða niður lán. Vitaskuld er hér um að ræða aðferðafræði sem gengur ekki upp en er til glöggvunar á fjárhagslegum styrk einstakra sveitarfélaga og flokka. Hjá Reykjavíkurborg er hlutfallið 19,8% sem er mjög álíka og árið 2011. Niðurstaðan er að það muni taka borgina um fimm ár að greiða upp öll langtímalán A-hluta ef öllu því sem afgangi væri þegar búið er að greiða daglegan rekstur væri ráðstafað til þeirra hluta. Staðan er nokkuð lakari hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en þar mun taka um 8-9 ár að greiða upp allar langtímaskuldir ef veltufé helst óbreytt. Það er framför frá árinu á undan. Á „Vaxtarsvæðum“ er staðan heldur lakari en þar mun taka

tæp 13 ár að greiða upp öll langtímalán að óbreyttu. Það er veruleg framför frá árinu á undan. Hlutfallið er hagstæðara hjá „Öðrum sveitarfélögum“ eða 12,0% sem er heldur lakara hlutfall en fyrir ári síðan. Það mun taka sveitarfélög í þessum flokki rúm átta ár að jafnaði að greiða upp öll langtímalán að jafnaði með óbreyttu veltufé. Hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum er í heildina tekið hærra á árinu 2012 en árið 2011 og hefur það hækkað úr 10,4% í 12,1%. Það er jákvæð þróun milli ára og styrkir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna á heildina lítið.

Niðurstaða þessa er að allnokkur sveitarfélög verða áfram að leggja þunga áherslu á að auka veltufé frá rekstri til að gera það mögulegt




að standa bæði undir afborgunum af lánum og kostnaði við nýfjárfestingar á komandi árum. Það verður fyrst og fremst gert með hagræðingu í daglegum rekstri og markvissri fjármálastjórn.

4. Þróun nokkurra kennitalna.

Við mat á stöðu sveitarfélaga er gagnlegt að bera saman hvernig ákveðnar meginforsendur hafa breyst á liðnum árum. Hér verður sett upp yfirlit um nokkrar kennitölur sem lýsa þróun þeirra á liðnum árum. Þær eru settar upp bæði fyrir einstaka flokka og síðan fyrir landið í heild.

Á mynd 1 kemur fram að þróun framlegðar sem hlutfalls af heildartekjum hefur verið nokkuð mismunandi eftir flokkum á síðustu árum. Hlutfall framlegðar hefur heldur vaxið á heildina litið, vaxið ár frá ári hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“, mjög breytileg á „Vaxtarsvæði“, verið nokkuð jöfn hjá „Öðrum sveitarfélögum“ en nokkuð breytilegt hjá Reykjavíkurborg. Þó sker árið 2011 sig nokkuð úr. Hvað heildina varðar þá hefur hlutfall framlegðar af heildartekjum farið batnandi með hverju árinu sem liðið hefur frá árinu 2008.




Mynd 1. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum



Frá Grindavíkurhöfn

Hér kemur fram að veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum er mjög jafnt hjá „Reykjavíkurborg“ á tímabilinu, hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ var það lágt fyrstu þrjú árin en hefur aukist verulega á síðustu tveimur


árum, það hefur batnað árlega með einni undantekningu á „Vaxtarsvæði“ en heldur sigið niður hjá „Öðrum sveitarfélögum“. Mikill breytileiki er hins vegar á milli einstakra flokka í hvernig þessi kennitala hefur þróast. Í heildina tekið hefur þróunin verið jákvæð síðustu árin.



Mynd 2. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum

Hér kemur glögggt fram hve veltufjárhlutfall (hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda) er misjafnt milli einstakra flokka. Reykjavíkurborg heldur góðu veltufjárhlutfalli öll árin á meðan veltufjárhlutfallið er lágt flest árin hjá

„Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“. Veltufjárhlutfallið helst jafnt á „Vaxtarsvæði“ en lækkar hjá „Öðrum sveitarfélögum“. Fyrir landið í heild virðist það síga heldur niður. Engu að síður er það vel yfir ásættanlegum viðmiðunarmörkum.



Mynd 3. Veltufjárhlutfall



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík
ábm.: Gunnlaugur Júlíusson
2013/15